

## RE: RE: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs

**Til** : Páll Snævar Brynjarsson <pall@ssv.is>  
**Frá** : Kristján Sturluson  
**CC** : Ólafur Sveinsson <oliv@ssv.is>  
**Heiti** : RE: RE: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs  
**Málsnúmer** : 2001003  
**Málsaðili** : Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi  
**Skráð dags** : 09.01.2020 12:42:45  
**Höfundur** : Kristján Sturluson

**Viðhengi** image001.jpgimage001.jpg

Sæll Páll.

Hér koma punktar frá Dalabyggð og samþykkt byggðarráðs vegna málsins.

Helstu atriði sem fóru úrskeiðis:

- Aðalvandinn sem varð í Dalabyggð stafaði af rafmagnsleysi sem átti rætur að rekja til þess að tengivirkni í Hrutatungu sló út. Varaafl í Búðardal og tenging frá Snæfellsnesi gerði það að verkum að í þorpinu og sunnan þess var rafmagn að mestu. Þurfti reyndar að skammta og var að koma og fara. Lengst samfellt rafmagnsleysi þar var um 3 klst. Vestan Búðardals, frá tengivirkinu við Glerárskóga var hins vegar mun alvarlegra ástand og á Fellsströnd, Skarðsströnd og í Saurbæ var rafmagnslaust í 22 klst. samfellt.
- Veðrið varð aldrei eins slæmt í Dalabyggð og á Norðurlandi. Þ.a.l. urðu ekki skemmdir á innviðum í sveitarfélaginu. Hefði veðurofsinn verið sá sami er nánast fullvíst að verulegar skemmdir hefðu orðið á rafmagnslínunum. Þó ber þess að geta að á undanförunum árum hefur verið unnið að því að leggja rafmagn í jörð. Það er vel og mikilvægt að það verk verði klárað.
- Dalabyggð gerði athugasemd við RARIK varðandi framkvæmd skömmunar rafmagns í Búðardals vegna Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns. RARIK brást við því erindi fljótt og vel. Verkferlar voru yfirfarnir og aðlagðir.
- Rafmagnsleysi hafði í för með sér truflun á fjarskiptum. Í Dalabyggð eru enn nokkrir staðir þar sem lélegt eða ekkert farsímasamband er. Búið er að leggja ljósleiðara í stóran hluta af sveitarfélaginu og þegar rafmagn fer þá er ekki hægt að nýta hann til fjarskipta. Þetta olli því að nokkrir bæir voru án sambands allan þann tíma sem rafmagnsleysið varði. Fyrir utan vandann sem tengist því hversu gloppótt kerfið er þá dugði varaafli farsímasenda í vestan Búðardals ekki nema í nokkrar klst og var því ekkert fjarskiptasamband víða þar til rafmagn kom aftur.
- Kúabú eru í dag með hátækniþúnað og rafmagnsleysi gerði það að verkum að þar skapaðist mikill vandi því ekki eru allir bændur með varaafli.
- Slökkvilið Dalabyggðar var kallað til aðstoðar vegna tengivirkisins í Hrutatungu. Þar voru erfiðleikar við vatnsöflun, auk þess sem Tetrakerfið virkaði ekki þar.

Atriði sem bæta má, lærdómur:

- Byggja þarf yfir tengivirkni í Hrutatungu.
- Ljúka þarf við að leggja rafmagn sem er í gömlum loftlínunum í jörð.
- Styrkja þarf tenginguna út á Snæfellsnes þannig að nægileg orka geti komið þá leið þegar línur frá Hrutatungu er úti.
- Bæta þarf varaafli þannig að þá ráði við að sinna því sem þarf og ekki þurfi að koma til skömmunar.
- Tryggja þarf varaafli í símsstöðvum og fjarskiptahúsum. Aðgengi að þeim þarf að vera tryggt þannig að heimamenn geti farið þangað (án þess að einhver þurfi að koma að) og hlaðið varaafli á þessum stöðum.
- Tryggja þarf að fjöldi starfsmanna RARIK í Dalabyggð verði óbreyttur.
- Tryggja þarf að allt svæðið sé í góðu farsíma- og Tetrasambandi. Þetta er auðvitað líka jafn mikilvægt hvort sem það er rafmagnslaust eða ekki.
- Virkja hefði mátt aðgerðarstjórn almannavarna á svæðinu, þó ekki hefði verið til annars en að meta stöðuna.

Á 239. fundi byggðarráðs Dalabyggðar 19.12.2019 var eftirfarandi samþykkt samhljóða (dagskrárliður 1):  
**Það ástand sem skapaðist í óveðrinu í síðustu viku leiddi í ljós alvarlega galla í innviðum samfélagsins. Ljóst er innviðir flutningskerfis raforku brugðust.**

**Þó að veðurhamurinn væri ekki jafn mikill í Dalabyggð og hjá nágörnum okkar skapaðist samt ástand sem ekki er boðlegt í nútíma samfélagi.**

**Vegna bilana í tengivirkinu í Hrutatungu voru miklar truflanir á rafmagni í Dalabyggð. Varaafl er af mjög skornum skammti í Dölunum, og oft er reynt að keyra afl á Skógarstrandalínu, sem er að verða 70 ára gömul sveitalína sem flytur lítið brot af því sem þarf. Varaaflstöðin í Búðardal nær ekki að halda ragmagni á öllu þéttbýlinu og ekki er tryggð nægileg orka fyrir mikilvæga atvinnustarfsemi eins og Mjólkursamlagið í Búðardal sem hefur valdið stórtjóni, bæði núna og á undanförunum árum. Skammta þurfti rafmagn í Búðardal þar sem þurft hefði að láta Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún hafa forgang.**

**Hluti Dalabyggðar var án rafmagns í 22 tíma sem skapar alvarlegt ástand fyrir mjólkurframleiðendur auk þess sem fjarskipti lágu niðri vegna rafmagnsleysis. Lífsspursmál er að íbúar sveitarfélagsins geti náð í viðbragðsaðila ef alvarleg slys eða veikindi ber að höndum.**

**Flutningskerfi rafmagns í Dalabyggð er víða orðið gamalt og ljóst er að hefði veðrið orðið verra hefði það ekki þolað álagið. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að kraftur sé settur í uppbyggingu þess með því að leggja línur í jörð og þá um leið að tryggja aðgang að þriggja fasa rafmagni.**

**Við búum í nútíma samfélagi sem reiðir sig á rafmagn og fjarskipti. Stöðug fjarskipti er spurning um almannaöryggi, það öryggi brást. Það er ekki í boði að hafa ekki öruggt fjarskiptasamband, hvernig sem viðrar, sama hvar maður er staddur.**

**Byggðarráð Dalabyggðar krefst þess að þegar verði hafist handa við að endurbæta flutningskerfi raforku til sveitarfélagsins og dreifikerfið innan þess og ekki síður að koma upp varaafli.**

**Starfsmenn RARIK, Landsnets, sjálfboðaliðar og margir fleiri unnu þrekvirki við að bregðast við því alvarlega ástandi sem skapaðist og eiga miklar þakkir skildar. Innviðirnir brugðust hins vegar.**

B.kv.  
Kristján

### **Kristján Sturluson**

Sveitarstjóri Dalabyggðar

s: +354 4304700

Netfang / email: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)

[www.dalir.is](http://www.dalir.is)



Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---

**From:** Páll Snævar Brynjarsson

**Sent:** 03.01.2020 10:47:32

**To:** Kristinn Jónasson ;Sævar Freyr Þráinsson ;Linda Björk Pálsdóttir ;Árni Hjörleifsson ;Lilja B. Ágústsdóttir ;Sveitarstjóri Dalabyggð;helgafellssveit341@gmail.com ;jakob@stykkisholmur.is ;Björg Ágústsdóttir ;Eggert Kjartansson

**CC:** Ólafur Sveinsson

**Subject:** RE: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs

Sæl öll

Við óskum eftir því að fá minnispunktana frá ykkur eigi síðar en föstudaginn 10 janúar.



---

**From:** Kristinn Jónasson

**Sent:** 2. janúar 2020 11:56

**To:** Páll Snævar Brynjarsson ; Sævar Freyr Þráinsson ; Linda Björk Pálsdóttir ; Árni Hjörleifsson ; Lilja B. Ágústsdóttir ; sveitarstjori@dalir.is; helgafellssveit341@gmail.com; jakob@stykkisholmur.is; Björg Ágústsdóttir ; Eggert Kjartansson

**Subject:** RE: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs  
Sæll Páll.

Sammála þessu, en gott að fá dagsetningu frá þér, um hvenær þú þarf að vera búinn að fá frá okkur minnispunktana.

image002.png

image003.jpg

image004.jpg

---

**From:** Páll Snævar Brynjarsson

**Sent:** fimmtudagur, 2. janúar 2020 11:23

**To:** Kristinn Jónasson ; Sævar Freyr Þráinsson ; Linda Björk Pálsdóttir ; Árni Hjörleifsson ; Lilja B. Ágústsdóttir ; sveitarstjori@dalir.is; helgafellssveit341@gmail.com; jakob@stykkisholmur.is; Björg Ágústsdóttir ; Eggert Kjartansson

**Subject:** RE: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs

Sæll Kristinn og gleðilegt ár

Ég er búinn að kynna þetta verkefni okkar fyrir Úlfari, Birni hjá Rarik og Pálma hjá Vegagerðinni.

Er sammála þér varðandi það að það væri afar gott ef við myndum fá punkta frá sveitarfélögunum og þegar við værum komin með drög að greinargerð þá myndum við hittast og fara yfir þau og breyta og bæta.

Það væri gott að heyra hvort allir séu sáttir við þessa tillögu að vinnulagi og tilbúnir til þess að taka saman punkta sem tengjast ykkar sveitarfélögum sérstaklega ?



---

**From:** Kristinn Jónasson <[kristinn@snb.is](mailto:kristinn@snb.is)>

**Sent:** 2. janúar 2020 10:05

**To:** Páll Snævar Brynjarsson <[pall@ssv.is](mailto:pall@ssv.is)>; Sævar Freyr Þráinsson <[saevar.freyr.thrainsson@akranes.is](mailto:saevar.freyr.thrainsson@akranes.is)>; Linda Björk Pálsdóttir <[linda@hvalfjardarsveit.is](mailto:linda@hvalfjardarsveit.is)>; Árni Hjörleifsson <[arnih@skorradalur.is](mailto:arnih@skorradalur.is)>; Lilja B. Ágústsdóttir <[Lilja.Agustsdottir@borgarbyggd.is](mailto:Lilja.Agustsdottir@borgarbyggd.is)>; [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is); [helgafellssveit341@gmail.com](mailto:helgafellssveit341@gmail.com);

---

[jakob@stykkisholmur.is](mailto:jakob@stykkisholmur.is); Björg Ágústsdóttir <[bjorg@grundarfjordur.is](mailto:bjorg@grundarfjordur.is)>; Eggert Kjartansson <[eggertk@simnet.is](mailto:eggertk@simnet.is)>

**Subject:** RE: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs

Sæll Páll og gleðilegt ár.

Þetta er mikilvægt mál og skiptir miklu fyrir okkur að vanda til verka. Í þetta sinn vorum við heppin á Vesturlandi fyrir utan Dalamenn sem fengu að finna fyrir þessu. Ég held að gott væri að hver og einn tæki saman punkta hjá sér og síðan myndum við hittast á vinnufundi til að fara yfir málið þar sem við færum yfir þetta. Málin voru rædd á fundi með lögreglustjóra nýlega og spurning hjá þér að taka hann með inn í þessa skýrslugerð.

Það er ljóst að nýir tímar hafa leitt til þess að við erum ekki eins sjálfsbjarga og áður og einnig er það staðreynd að t.d. dreifikerfi orku hjá okkur er ekki eins og það getur verið best fyrir utan það að línur eru orðnar gamlar.

Hinu má þó ekki gleyma að t.d. í Snæfellsbæ er búið að setja stóran hluta af dreifikerfinu í jörð sem skiptir miklu máli en flutningur á Nesið er ótryggur. Við þurfum einnig að skoða aðra innviði og öryggismál því mig grunar að margt sé hægt að gera til að bæta þá án mikils kostnaðar.

Nóg í bili.

image002.png

image005.jpg

image004.jpg

---

**From:** Páll Snævar Brynjarsson <[pall@ssv.is](mailto:pall@ssv.is)>

**Sent:** þriðjudagur, 31. desember 2019 10:24

**To:** Sævar Freyr Þráinsson <[saevar.freyr.thrainsson@akranes.is](mailto:saevar.freyr.thrainsson@akranes.is)>; Linda Björk Pálsdóttir <[linda@hvalfjardarsveit.is](mailto:linda@hvalfjardarsveit.is)>; Árni Hjörleifsson <[arnih@skorradalur.is](mailto:arnih@skorradalur.is)>; Lilja B. Ágústsdóttir <[Lilja.Agustsdottir@borgarbyggd.is](mailto:Lilja.Agustsdottir@borgarbyggd.is)>; sveitarstjóri@dalir.is; [helgafellssveit341@gmail.com](mailto:helgafellssveit341@gmail.com); [jakob@stykkisholmur.is](mailto:jakob@stykkisholmur.is); Björg Ágústsdóttir <[bjorg@grundarfjordur.is](mailto:bjorg@grundarfjordur.is)>; Kristinn Jónasson <[kristinn@snb.is](mailto:kristinn@snb.is)>; Eggert Kjartansson <[eggertk@simnet.is](mailto:eggertk@simnet.is)>

**Subject:** Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs

Ágætu oddvitar, bæjar- og sveitarstjórar

Nýverið fengum við hjá SSV meðfylgjandi tölvupóst þar sem stjórnvöld óska eftir því að við tökum saman greinargerð um ýmsa þætti varðandi innviði á Vesturlandi í kjölfar fárviðrisins sem geisaði á landinu rétt fyrir miðjan desember. Eins og sjá má af tölvupóstinum er vinnuhópi á vegum stjórnvalda falið að móta tillögur um eflingu innviða og munu þær m.a. byggja á upplýsingum frá okkur um stöðuna á Vesturlandi.

Erindið með þessum pósti er því að kynna þetta verkefni fyrir ykkur, en við munum þurfa að leita til sveitarfélaganna á Vesturlandi í tengslum við þessa vinnu. Auk þess væri gott að fá ábendingar frá ykkur varðandi vinnu við þetta verkefni.

Að lokum vildi ég nota tækifærið og þakka ykkur gott samstarf á árinu sem er að kveðja og óska ykkur alls hins besta á nýju ári



## Til landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Á fundi ríkisstjórnar þann 13. desember síðastliðinn var skipaður áttaktshópur fimm ráðuneyta sem hefur það hlutverk með höndum að koma tillögur um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma.

Áttaktshópurinn hefur þegar hafið störf og hyggst vinna hratt og vel að öflun upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að móta tillögur til ríkisstjórnar. Hópurinn mun hvorki leggja mat á tjón vegna óveðursins og né rannsaka hvað fór úrskeiðis.

Til að tryggja að hægt sé að vinna að tillögum er nauðsynlegt að afla upplýsinga frá sem flestum aðilum sem hafa hlutverki að gegna, búa yfir gagnlegum upplýsingum og ábendingum og geta hjálpað til við vinnu starfshópsins. Það á sérstaklega við aðila sem hafa lögbundið hlutverk við uppbyggingu og rekstur innviða og öryggiskerfa, sem reyndi á í óveðrinu. Það á einnig við um sveitarfélög, sem og félagasamtök og fyrirtæki.

Því er óskað greinargerðar frá landshlutasamtökum um eftirfarandi þætti.

1. Mat á því hvernig fyrirtæki og stofnanir sem reka mikilvæga innviði voru undirbúin fyrir óveðrið, hvernig unnið var í samræmi við viðbragðsáætlanir, hvernig til tókst að framfylgja viðbragðsáætlun, almennt mat á því hvað betur hefði mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því.
2. Leggja mat á tiltækt varaafli í landshlutanum og stýringu þess við aðstæður eins og sköpuðust. Tillögur til úrbóta.
3. Mat á samspili kerfa við aðstæður sem þessar, t.d. hversu háð fjarskiptakerfi eru raforkukerfum.
4. Tillögur um aðgerðir til að efla viðbúnað og viðbragð, svo sem mannafla, tækjakost, stjórnun aðgerða, samskipti og upplýsingagjöf. Er nægilegur mannafla til staðar á þeim stöðum þar sem tæki og innviðir brugðust, og er tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur.
5. Tillögur um aðgerðir sem styrkja innviði í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar. Ábendingar um einstakar aðgerðir og umbótaverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo grunninnviðir séu betur í stakk búnir til að mæta slíku áhlaupi næst og samfélagslegt tjón þannig lágmarkað.
6. Ábendingar um hvernig gengið hefur að koma mikilvægum framkvæmdum í gegnum leyfisveitingarferli og stjórnsýslu undanfarin ár, nefna t.d. raunveruleg dæmi og tímalínur. Tillögur um aðgerðir sem miða að því að stuðla að skilvirku regluverki og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmdir í flutnings- og dreifikerfi raforku.
7. Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.

Óskað er eftir að svör og ábendingar um aðgerðir og umbætur séu flokkaðar eftir sýslum, sveitarfélögum eða landshlutum eftir því sem við á, en slík flokkun skiptir máli þegar kemur að því að meta þörf fyrir einstakar aðgerðir. Greinargerðin með ábendingum um umbótaverkefni sé skýr varðandi það hvar ábyrgð á verkefninu liggur að mati landshlutasamtakanna.

Áttaktshópurinn hyggst jafnframt funda með fulltrúm landshlutasamtaka og öðrum aðilum fljótlega á næsta ári þar sem framangreind atriði verða til umfjöllunar. Greinargerðin verði sendi á netfangið [sigrun.olafsdottir@for.is](mailto:sigrun.olafsdottir@for.is).

image006.jpg

**Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri / Director**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government

Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

[www.samgonguraduneyti.is](http://www.samgonguraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

image007.jpg

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing